

Minjastofnun Íslands

Ársskýrsla 2015



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland



Ljósmynd á forsíðu

Grafarvegur á milli Bitrufjarðar og Kollafjarðar á Ströndum.

Ljósmynd: Einar Ísaksson.

© 2017

Minjastofnun Íslands

Öll réttindi áskilin

Minjastofnun Íslands

Suðurgata 39

101 Reykjavík

Iceland

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is

www.minjastofnun.is

Ritstjórn:

Agnes Stefánsdóttir

Ásta Hermannsdóttir

ISSN 2547-6475

Efnisyfirlit

1.	Ávarp forstöðumanns	4
2.	Um stofnunina	6
2.1	Stefnumótunarvinna 2015	6
2.2	Hástökkvari ársins.....	6
2.3	Stýrihópur um endurskipulagningu verkefna Minjastofnunar Íslands og Þjóðminjasafns Íslands	6
2.4	Mannauðsmál	6
2.4.1	Starfsmannaferðir	7
2.5	Ráðgefandi nefndir.....	7
2.5.1	Fornminjanefnd.....	8
2.5.2	Húsafriðunarnefnd.....	8
3.	Fjármál	9
3.1	Minjastofnun Íslands - rekstrarreikningur	9
3.2	Fornminjasjóður - rekstrarreikningur	9
3.3	Húsafriðunarsjóður - rekstrarreikningur.....	10
3.4	Styrkir til brýnnar uppbyggingar og verndaraðgerða á ferðamannastöðum	11
4.	Rannsóknir og miðlun	12
4.1	Rannsóknir	12
4.2	Miðlun	13
4.2.1	Kortavefsjá og fornleifaskráning	13
4.2.2	Útgáfa	13
4.2.3	Ráðstefnur og fundir	13
5.	Inn- og útflutningur menningarminja.....	15
6.	Umhverfi og skipulag	16
7.	Verndun og friðlýsingar	18
7.1	Úttektir og fundir á sviði húsverndar	18
7.2	Friðlýsingar	18
7.3	Tillögur um friðlýsingu	20
7.4	Endurskoðun friðlýsingaskrár fornleifa	20
8.	Samstarfsverkefni	21
8.1	Innlend verkefni	21
8.1.1	Samvinna	21
8.1.2	Kirkjur Íslands.....	22
8.1.3	Nefndir	22
8.2	Erlend verkefni	22

9.	Minjasvæðin.....	25
9.1	Reykjavík og nágrenni.....	26
9.2	Suðurnes	27
9.3	Vesturland.....	28
9.4	Vestfirðir	29
9.5	Norðurland vestra	31
9.6	Norðurland eystra	32
9.7	Austurland	34
9.8	Suðurland.....	35
10.	Úthlutanir úr sjóðum	37
10.1	Fornminjasjóður.....	37
10.2	Húsafriðunarsjóður	38
11.	Starfsmenn	39

1. Ávarp forstöðumanns

Á undanförnum árum hefur áhugi og skilningur manna á minjavernd aukist til muna á Íslandi og hafa starfsmenn Minjastofnunar Íslands orðið varir við þessa ánægjulegu þróun. Minjavernd felst ekki í stöðnun heldur er lögð áhersla á að minjar séu verndaðar og þeim haldið við með því að nýta þær. Á árum áður, með einstaka undantekningum þó, var venjan þegar fornleifar komu í ljós við byggingarframkvæmdir að rannsaka fornleifarnar að fullu og fjarlægja þær síðan. Nú þykir eðlilegt að varðveita slíkar minjar á vettvangi að rannsókn lokinni og gera þær aðgengilegar til fróðleiks og ánægju fyrir almenning.

Á árinu 2015 voru samþykkt á Alþingi ný lög um svokölluð verndarsvæði í byggð (lög nr. 87/2015). Markmiðið með lögnum er að stuðla að vernd og varðveislu byggðar sem hefur sögulegt gildi jafnt innan þéttbýlis sem í byggðakjörnum utan þéttbýlis og ástæða þykir til að varðveita vegna svipmóts, menningarsögu eða listræns gildis. Ekki er einungis verið að hugsa um gamla byggðakjarna heldur er unnt að mynda slík verndarsvæði um yngri byggð sem telst einkennandi fyrir ákveðin svæði, borgar- eða bæjarhluta. Lögin kveða á um að sveitarstjórnir meti hvort slík svæði séu innan sveitarfélagsins og móti tillögur til ráðherra um svæði sem þeir telja æskilegt að verði skilgreind sem verndarsvæði í byggð. Á Bretlandseyjum hafa lengi gilt lög um slík verndarsvæði. Þar er lögð áhersla á að tillögur um verndarsvæði séu unnar í góðri samvinnu við íbúa svæðanna. Bretar hafa séð hag sinn í að móta slík svæði. Húseignir hækka í verði innan verndarsvæðanna og fólk sækist almennt eftir að nýta sér þjónustu sem boðið er upp á innan þeirra þannig að hagvöxturinn eykst. Hér er ekki einungis verið að hugsa um það að ytra byrði húsanna séu varðveitt í þeim stíl sem þau voru byggð, heldur að umhverfið taki einnig mið af þeim tíma. Lögð er áhersla á að grindverk æpi ekki á húsin og að allt litaval, gluggar, hurðir, tröppur, gangstéttir og ljósastaurar falli að gerð hússins. Mikilvægt atriði er að tekið sé tillit til umhverfisins og fyrirliggjandi byggðar þegar veitt eru leyfi til nýbygginga, sem vissulega verður að gera ráð fyrir á flestum verndarsvæðum. Þannig er hugað sérstaklega að hæð nýbygginga, efnisnotkun og byggingarmagni. Verndarsvæði merkir ekki stöðnun heldur heildarsýn þar sem tekið er tillit til þess sem fyrir er á svæðinu með það í huga að vernda yfirbragð svæðisins, auka verðgildi þess og hagsæld og hafa ýmsar þjóðir þegar áttað sig á þessum kosti fyrir samfélagið.

Í apríl hélt Minjastofnun ráðstefnu um strandminjar í hættu í samvinnu við stjórn fornleifafélags Súgandafjarðar. Ráðstefnunni var sýndur mikill áhugi, m.a. af þingmönnum og sveitarstjórnarmönnum. Alþingi veitti fjármagni til þessa mikilvæga málaflokks á fjárhagsárinu 2016 þannig að unnt verður að ráða fornleifafræðing til að fylgja málinu eftir, meta ástand strandminja og gera áætlun um aðgerðir til varnar minjunum. Stjórn fornleifafélags Súgandafjarðar á stóra hlutdeild í að verkefnið *Strandminjar í hættu* hefur fengið byr undir báða vængi. Þau Eyþór Eðvarðsson, Ingrid Kuhlmann og Egill Ibsen gerðu fjölda stuttmynda sem birtar voru á You Tube, þar sem fram komu sérfræðingar og áhugamenn sem fjölluðu um þá hættu sem steðjar að strandminjum á Íslandi.

Auk grasrótarinnar hjá fornleifafélögum eru fulltrúar í minjaráðum landsins afar mikilvægir fyrir okkur sem störfum við minjavernd á Íslandi. Mynduð hafa verið átta minjaráð með alls 48 fulltrúum alls staðar að af landinu. Hlutverk minjaráðanna er m.a. að koma með hugmyndir að áhugaverðum verkefnum til að vinna að á hverju minjasvæði fyrir sig. Minjastofnun Íslands væntir góðs af



Kristín Huld Sigurðardóttir

forstöðumaður Minjastofnunar Íslands.

samstarfinu við minjaráðin á komandi árum, rétt eins og af fornminja- og húsa-
friðunarnefndum og öllum þeim sveitarstjórnnum, einkaaðilum, sérfræðingum
og stofnunum sem Minjastofnun hefur átt í einstaklega góðu samstarfi við allt
frá stofnun árið 2013.



Kristín Huld Sigurðardóttir
forstöðumaður

2. Um stofnunina

2.1 Stefnumótunarvinna 2015

Stefnumótunarvinnu í málaflokkum Minjastofnunar var fram haldið á árinu 2015. Var nokkuð um fundahöld fyrstu mánuði ársins en eftir það tók við úrvinnsla gagna og að móta stefnuna. Ráðgjafi við vinnuna var sem fyrr Sigurjón Þórðarson hjá Hagvangi. Á vordögum fengu ráðgjafanefndirnar drög stefnunnar til umsagnar og gáfu þær umsagnir fyrir mánaðarmótin maí/júní. Í kjölfarið voru drögin sett á heimasíðu Minjastofnunar þar sem hagsmunaaðilum og almenningi gafst tækifæri til að koma með sínar athugasemdir. Vegna sumarleyfa og anna tókst ekki að vinna úr þeim athugasemdum fyrr en á haustdögum en í október lá fyrir endanleg tillaga að stefnu. Hún var send forsætisráðuneytinu þann 30. nóvember til staðfestingar. Stofnunin bíður svara um stöðu stefnunnar frá ráðuneytinu. Unnið var áfram að útfærslu aðgerðaáætlunar.

2.2 Hástökkvari ársins

Þann 7. maí hlaut Minjastofnun Íslands viðurkenningu sem einn af þremur hástökkvurum ársins þegar niðurstöður úr könnuninni Stofnun ársins 2015 voru kynntar. SFR stendur fyrir könnuninni árlega og stökk Minjastofnun úr 104. sæti árið 2014 upp í það 44. árið 2015. Stofnunin stefnir á að bæta sig enn frekar á komandi árum.

2.3 Stýrihópur um endurskipulagningu verkefna Minjastofnunar Íslands og Þjóðminjasafns Íslands

Í lok nóvember skipaði forsætisráðherra forstöðumann Minjastofnunar í stýrihóp sem falið var það hlutverk að endurskipuleggja þau verkefni sem Minjastofnun Íslands og Þjóðminjasafn Íslands sinna skv. lögum. Stýrihópnum er ætlað að leggja fram tillögur um breytta stofnanaskipan í málaflokki menningarminja og undirbúa lagafrumvarp í samræmi við tillögur um breytta stofnana-skipan. Í stýrihópnum sitja auk Kristínar Huldar Sigurðardóttur forstöðumanns Minjastofnunar, Sigurður Örn Guðleifsson settur skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu, Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður og Stefán Thors settur húsameistari ríkisins. Stýrihópnum er ætlað skila tillögum sínum 1. mars 2016.

2.4 Mannauðsmál

Már Einarsson, bókasafns- og upplýsingafræðingur, sem ráðinn var tímabundið til að aðstoða við innleiðingu nýs mála- og skjalavistunarkerfis stofnunarinnar, GoPro.net, lauk störfum 28. febrúar. Vill stofnunin þakka honum fyrir ánægjulegt samstarf.

Einar Ísaksson, fornleifafræðingur, var ráðinn nýr minjavörður Vestfjarða snemma árs og tók hann við stöðunni í apríl. Einar hefur vinnuáðstöðu í Bolungarvík. Enginn minjavörður hefur verið á Vestfjörðum síðan Ragnar Edvardsson hætti árið 2012 og hafa minjaverðir Vesturlands og Norðurlands vestra sinnt málum á svæðinu í millitiðinni.

Ásta Hermannsdóttir, fornleifafræðingur, sem ráðin var tímabundið til að stýra stefnumótunarvinnu stofnunarinnar undir lok árs 2014 var ráðin til eins árs til viðbótar sem verkefnastjóri á rannsóknar- og miðlunarsviði, til 1. apríl 2016.

Sigurður Bergsteinsson sem verið hefur minjavörður Norðurlands eystra um árabíl fluttist á haustdögum búferlum til Reykjavíkur og tók við stöðu verkefnastjóra fornleifarannsókna í höfuðstöðvunum í Reykjavík. Við starfi hans sem minjavörður Norðurlands eystra tekur Rúnar Leifsson, áður minjavörður Austurlands, og var staða minjavarðar Austurlands auglýst laus til umsóknar undir lok árs. Rúnar verður á Akureyri líkt og Sigurður áður.

2.4.1 Starfsmannaferðir

Starfsmenn fóru í tvær kynnis- og fræðsluferðir á árinu. Sú fyrri var farin í Dali og á Snæfellsnes í maí og hin seinni á Reykjanes í október. Í vorferðinni var m.a. ekinn hringur um Fellsströnd og Skarðsströnd þar sem kirkjan á Skarði var skoðuð og Skarðsstöð, auk fjölda annarra minjastaða. Komið var við í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli þar sem Guðbjörg Gunnarsdóttir Þjóðgarðsvörður fræddi starfsfólk Minjastofnunar um starfsemi Þjóðgarðsins og menningarminjar innan hans.

Í haustferðinni sem farin var á Reykjanes í október voru margvíslegar menningarminjar skoðaðar, s.s. fjárborgin Staðarborg, kirkja og skólahús á Kálfatjörn og meint útilegumannabyrgi í Eldvörpum.



Horft yfir Breiðafjörð frá útsýnisskífu á Klofningi, á mörkum Fellsstrandar og Skarðstrandar.

2.5 Ráðgefandi nefndir

Minjastofnun Íslands nýtur ráðgjafar tveggja nefnda: fornminjanefndar og húsafriðunarnefndar og að auki kveða lög á um að skipa skuli ráðgefandi minjaráð á hverju minjasvæði mönnuðum hagsmunaaðilum frá minjasvæðunum. Upplýsingar um minjaráðin má finna í [kafla 9](#).

2.5.1 Fornminjanefnd

Í nefndinni sátu við upphaf árs:

- Þórhallur Þráinsson formaður, skipaður án tilnefningar,
- Sandra Sif Einarisdóttir varaformaður, tilnefnd af félagi fornleifafræðinga,
- Halldóra Ásgeirsdóttir tilnefnd af Félagi norrænna forvarða,
- Hulda Proppé tilnefnd af Rannís,
- Kristín Þórðardóttir tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Varamenn:

- Guðmundur Hálfðánarson skipaður án tilnefningar,
- Guðmundur Ólafsson tilnefndur af félagi fornleifafræðinga,
- Þórdís Anna Baldursdóttir tilnefnd af Félagi norrænna forvarða,
- Andrés Pétursson tilnefndur af Rannís,
- Magnús Karel Hannesson tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Í september tók Steinunn S. Jakobsdóttir sæti Huldu Proppé í nefndinni auk þess sem María Karen Sigurðardóttir var skipuð varamaður í stað Þórdísar Önnu Baldursdóttur.

Auk vinnufunda 25. og 26. febrúar vegna umsagna um styrkumsóknir í fornminjasjóð og 29. maí um stefnumótun í minjavernd, voru fimm formlegir fundir haldnir á árinu 2015.

2.5.2 Húsafriðunarnefnd

Í nefndinni sátu við upphaf árs:

- Magnús Skúlason formaður, skipaður án tilnefningar,
- Magnús Karel Hannesson varaformaður, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga,
- Hanna Rósa Sveinsdóttir skipuð án tilnefningar,
- Júlíana Gottskálksdóttir tilnefnd af Arkitektafélagi Íslands,
- Jón Sigurpálsson tilnefndur sameiginlega af ICOMOS, ICOM og FÍSOS.

Varamenn:

- Snorri Freyr Hilmarsson skipaður án tilnefningar,
- Sigríður Sigurðardóttir skipuð án tilnefningar,
- Margrét Þormar tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga,
- Sigurður Einarsson tilnefndur af Arkitektafélagi Íslands,
- Sigríður Björk Jónsdóttir tilnefnd sameiginlega af ICOMOS, ICOM og FÍSOS.

Nefndin hélt sex fundi á árinu, alla að Suðurgötu 39 í Reykjavík.

Vinnufundir nefndarinnar vegna styrkumsókna í húsafriðunarsjóð voru haldnir dagana 17. og 18. febrúar.

3. Fjármál

3.1 Minjastofnun Íslands - rekstrarreikningur

Afgangur varð af fjárheimildum Minjastofnunar Íslands árið 2014 vegna verkefna sem hafin voru á því ári og var ólokið í árslok. Afgangur ársins 2014 fékkst því fluttur yfir á árið 2015 til að mæta þeim kostnaði sem hlytist af viðkomandi verkefnum árið 2015. Afgangur af rekstri Minjastofnunar í árslok 2015, að teknu tilliti til fluttra fjárheimilda frá árinu 2014, var kr. 2.466.485.

Á árinu 2015 samþykkti ríkisstjórn Íslands sérstaka fjárveitingu til brýnnar uppbyggingar og verndaraðgerða á ferðamannastöðum um allt land, samtals 850 milljónir króna. Þar af fékk Minjastofnun Íslands 106,5 milljónir króna til 17 verkefna. Á árinu 2015 var kostnaður vegna viðkomandi verkefna rúmlega 47 milljónir króna og tekjufærðir styrkir vegna verkefnanna sama upphæð. Mörgum verkefnanna var ólokið í árslok 2015 og munu því eftirstöðvar kostnaðar vegna þeirra gjaldfærast á árinu 2015 og samsvarandi styrkfjárhæð tekjufærast á móti kostnaði.

Rekstrarreikningur 2015		
Minjastofnun Íslands		
Tekjur		
Sértekjur		48.600.991
Markaðar tekjur		0
Aðrar rekstrartekjur		0
	Tekjur samtals	48.600.991
Gjöld		
Almennur rekstur stofnunar		182.641.894
Uppbygging og verndaraðgerðir á ferðamannastöðum		47.225.561
Veittur styrkur skv. ákvörðun ríkisstjórnar		20.000.000
	Gjöld samtals	249.867.455
Tekjur umfram gjöld		-201.266.464
Framlag úr ríkissjóði til reksturs		151.500.000
Framlag úr ríkissjóði til styrkveitingar		20.000.000
	Hagnaður/-tap ársins	-29.766.464
Fluttar fjárheimildir frá 2014 vegna ólokinna verkefna um áramót		32.232.949
Höfuðstóll í árslok		2.466.485

3.2 Fornminjasjóður - rekstrarreikningur

Afgangur af rekstri fornminjasjóðs í árslok 2015, að teknu tilliti til fluttra fjárheimilda frá árinu 2014, var kr. 9.503.150. Var hann fluttur óskertur á milli ára til hækkunar höfuðstóls sjóðsins á árinu 2016. Sjá nánar kaflann *Fornminjasjóður* á bls. 39.

Rekstrarreikningur 2015		
Fornminjasjóður		
Tekjur		
Sértekjur		0
Markaðar tekjur		0
Aðrar rekstrartekjur		0
	Tekjur samtals	0
Gjöld		
Stofnkostnaður		
610 Fornminjasjóður		47.507.273
	Gjöld samtals	47.507.273
Tekjur umfram gjöld		-47.507.273
Framlag úr ríkissjóði		44.200.000
	Hagnaður/-tap ársins	-3.307.273
Fluttar fjárheimildir frá árinu 2014		12.810.423
Höfuðstóll í árslok		9.503.150

3.3 Húsafriðunarsjóður - rekstrarreikningur

Afgangur af rekstri húsafriðunarsjóðs í árslok 2015, að teknu tilliti til fluttra fjárheimilda frá árinu 2014, var kr. 33.705.373. Var hann fluttur óskertur á milli ára til hækkunar höfuðstóls sjóðsins á árinu 2016.

Sjá nánar kaflann [Húsafriðunarsjóður](#) á bls. 40.

Rekstrarreikningur 2015		
Húsafriðunarsjóður		
Tekjur		
Sértekjur		48.847.000
Markaðar tekjur		0
Aðrar rekstrartekjur		0
	Tekjur samtals	48.847.000
Gjöld		
Stofnkostnaður		
610 Húsafriðunarsjóður		121.709.166
	Gjöld samtals	121.709.166
Tekjur umfram gjöld		-72.862.166
Framlag úr ríkissjóði		66.500.000
	Hagnaður/-tap ársins	-6.362.166
Fluttar fjárheimildir frá árinu 2014		40.067.539
Höfuðstóll í árslok		33.705.373

Sértekjur í rekstrarreikningi Húsafriðunarsjóðs eru framlög sveitarfélaga sem greiðast úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

3.4 Styrkir til brýnnar uppbyggingar og verndaraðgerða á ferðamannastöðum

Í maí 2015 samþykkti ríkisstjórn Íslands sérstaka fjárveitingu til brýnnar uppbyggingar og verndaraðgerða á ferðamannastöðum. Var 850 milljónum króna úthlutað í heildina og þar af fékk Minjastofnun 106,5 milljónir króna til verkefna á 17 minjastöðum um allt land. Vegna þess hversu seint var tilkynnt um styrkina og ítarleg útfærsla verkefnanna var ekki ljós í öllum tilvikum fór hluti af sumrinu í að skoða alla staðina og ákveða hvaða aðgerðir væru brýnnastar á hverjum stað. Síðla sumars höfðu öll verkefnin hafist. Verkefnin eru ólík en sum fela í sér beinar framkvæmdir á meðan önnur fela í sér skipulagsgerð. Mörg verkefnanna stöðvuðust vegna veðurs í lok október og byrjun nóvember og var ekki hægt að hefja framkvæmdir að nýju fyrr en á vordögum 2016. Verður þeim lokið eins fljótt og hægt er á árinu 2016.




Eitt af þeim verkefnum sem fengu styrk vegna sérstakrar fjárveitingar ríkisstjórnar Íslands vorið 2015 voru umfangsmiklar viðgerðir á friðlýstum mannvirkjum Seljavallalaugar undir Eyjafjöllum.


4. Rannsóknir og miðlun

4.1 Rannsóknir

Alls voru veitt 46 leyfi til fornleifarannsóknna sem hafa jarðrask í för með sér en tveimur umsóknum var hafnað.



Árið 2015 fór meira en helmingur rannsókna fram á höfuðborgarsvæðinu og á norðurlandi eystra. Þetta er töluverð breyting frá árinu í fyrra þar sem skipting milli landshluta var nokkuð jöfn.



Lista yfir veitt leyfi má finna á [heimasíðu Minjastofnunar](#).

4.2 Miðlun

Starfsmenn Minjastofnunar skrifuðu sem fyrr greinar í innlend og erlend tímarit og bækur, héldu fyrirlestra og kenndu á ýmsum námskeiðum. Lista yfir fyrirlestra, greinar og slíkt má finna undir *Gagnasafn* á heimasíðu Minjastofnunar (www.minjastofnun.is).

4.2.1 Kortavefsjá og fornleifaskráning

Gerðar voru talsverðar breytingar á kortavefsjá Minjastofnunar á árinu og miðuðu þær að því að einfalda feril gagnaskila inn á vefsíðana. Lauk þeirri vinnu í desember og eru skráningaraðilar þegar farnir að skila nýjum skráningargögnum inn á hinu endurbætta formi en einnig eru hafnar viðræður um skil á eldri skráningargögnum. Verður nýja skráningarferlið kynnt formlega á vormánuðum 2016. Einnig voru gerðar talsverðar breytingar á notendaviðmóti opnu vefsíðarinnar og er hún öll mun hraðvirkari en áður auk þess sem hún virkar nú mun betur í snjalltækjum.

Samhliða vinnu við vefsíðana var unnið að endurskoðun fornleifaskráningarstaðla Minjastofnunar og er sú vinna langt á veg komin.

Á árinu var, líkt og oft hefur verið gert áður, unnin tillaga að áætlun sem ætlað er að blása lífi í fornleifaskráningu í landinu. Miðar hún í grófum dráttum að því að auka aðkomu ríkisins að fjármögnun skráningarinnar, ásamt aukinni þátttöku Minjastofnunar. Var áætlunin send forsætisráðuneytinu í október og bíður hún þar umsagnar.

Unnið var að samantekt eldri skráningargagna í fórum Minjastofnunar (um 3000 fornleifar) og er unnið að því að lagfæra þau svo hægt sé að færa þau inn í kortavefsjá stofnunarinnar. Er vinnan langt komin og er áætlað að gögnin muni skila sér inn á vefsíðana á vormánuðum 2016.

Loks má nefna að gengið var til samstarfs við þrjá nema sem eru að vinna loka- verkefni í tölvunarfræði frá Háskólanum í Reykjavík. Snýst verkefnið um að þróa app sem ætlað er áhugamönnum við skráningu fornleifa. Er vonast til að með þessu verið hægt að virkja grasrótina enn frekar og þarna muni skapast heimildagrunnur sem nýtast muni fornleifafræðingum þegar kemur að lög- bundinni skráningu fornleifa.

4.2.2 Útgáfa

Fréttabréf

Minjastofnun gaf út tíu rafræn fréttabréf á árinu. Hefur áskrifendum þeirra fjölgað mikið á síðasta ári og finnur stofnunin að mikil ánægja er með útgáfu fréttabréfsins m.a. hjá hagsmunaaðilum.

4.2.3 Ráðstefnur og fundir

Ársfundur Minjastofnunar árið 2015 var haldinn þann 4. desember á Hótel Sögu. Þema fundarins var hagsmunir eigenda friðlýstra húsa og samstarf þeirra og minjavörslunnar og komu tveir fyrirlesarar frá Danmörku og deildu reynslu sinni með okkur. Um 50-60 manns sóttu fundinn og hlýddu á þrjú erindi en auk þess veitti Minjastofnun í fyrsta skipti viðurkenningu fyrir góð störf í þágu

minjaverndar. Féll viðurkenningin í skaut Vegagerðarinnar fyrir frumkvæði að varðveislu og endurbyggingu sögulegra brúarmannvirkja á undanförunum árum. Erindi á fundinum héldu Arne Høi skrifstofustjóri hjá Kulturstyrelsen í Danmörku, Birthe Iuel formaður BYFO (Bygnings Frednings Foreningen) í Danmörku og Páll Bjarnason arkitekt og áhugamaður um stofnun samtaka eigenda friðlýstra húsa á Íslandi.



*Vegagerðin hlaut viðurkenningu fyrir góð störf í þágu minjaverndar á ársfundi Minjastofnunar 2015. Hér sést vega-
málafundinn, Hreinn Haraldsson, taka við viðurkenningunni.*


Laugardaginn 18. apríl stóð Minjastofnun ásamt áhugafólki um minjar í hættu fyrir ráðstefnu um strandminjar í hættu. Um 80-90 manns lögðu leið sína á Hótel Sögu þar sem ráðstefnan var haldin. Á ráðstefnunni fjölluðu íslenskir og erlendir fræði- og áhugamenn um strandminjar og verndun þeirra út frá ýmsum sjónarhornum. Að lokum tóku ráðstefnugestir þátt í umræðum um spurninguna: hvað svo? Voru ráðstefnugestir sammála um að brýnasta verkefnið í verndun strandminja væri skráning þeirra og að mikilvægt væri að hefja aðgerðir sem fyrst. Öll erindi ráðstefnunnar voru tekin upp og má nálgast þær upptökur á heimasíðu Minjastofnunar.

5. Inn- og útflutningur menningarminja

Um skilyrði til leyfisveitinga vegna útflutnings menningarminja er fjallað í 44. til 50. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Skylt er að senda umsóknir um leyfi til útflutnings til Minjastofnunar, en þar til gerð eyðublöð og nánari upplýsingar má finna á heimasíðu stofnunarinnar <http://www.minjastofnun.is/minjar/utflutningur-menningarverdmæta/>.

Alls bárust 22 umsóknir um leyfi til útflutnings menningarverðmæta.





Tilgangur laga um skil menningarverðmæta til annarra landa nr. 57/2011 er að tryggja skil á menningarverðmætum hafi þau verið flutt til Íslands með ólög-
mætum hætti. Minjastofnun Íslands tekur við kröfum um skil menningarminja frá hlutaðeigandi stjórnvöldum í öðrum ríkjum og skal hafa náð samstarf og samráð við þau stjórnvöld svo og við fjölþjóðlegar stofnanir er láta sig málið varða. Þá skal stofnunin leitast við að upplýsa um vörslustaði menningarminja sem fluttar hafa verið til landsins án leyfis sé kunnugt um þá. Skulu lögreglufir-
völd aðstoða við þá leit ef þörf er á.

Tollyfirvöld eiga einnig tafarlaust að tilkynna Minjastofnun Íslands um men-
ningarminjar sem reynt hefur verið að flytja ólöglega til landsins. Engin slík mál komu upp á árinu 2015.


Forstöðumaður Minjastofnunar og sviðsstjóri rannsókna og miðlunar fóru á fund í Osló 2.-3. desember á vegum norska menningarmálaráðuneytisins um ó-
löglega verslun með menningarminjar. Fundinn sóttu fulltrúar menningar-
minjastofnana, tollayfirvalda og lögreglu á Norðurlöndunum og var tilgangurinn að kanna möguleika á aukinni samvinnu þessara aðila til að koma meðal annars í veg fyrir sölu gripa frá Sýrlandi og Írak í kjölfar hernaðaráttaka þar.

6. Umhverfi og skipulag

Eitt af mikilvægustu verkefnum Minjastofnunar Íslands er eftirlits- og umsagnarhlutverk stofnunarinnar varðandi ýmiskonar framkvæmdir. Eru þær allt frá breytingum á friðuðum og friðlýstum húsum að mati á umhverfisáhrifum stórra byggingarframkvæmda og skipulagi sveitarfélaga.



Umsagnir um friðuð eða friðlýst hús og mannvirki



7. Verndun og friðlýsingar

7.1 Úttektir og fundir á sviði húsverndar

Á árinu voru ýmsar úttektir á sviði húsverndar gerðar af starfsfólki stofnunarinnar.

Pétur H. Ármannsson, sviðsstjóri, fór í ferð um Austfirði ásamt Rúnari Leifssyni, minjaverði Austurlands, um miðjan júní. Farið var vítt og breitt um Fjarðabyggð og Seyðisfjörð og hús og mannvirki skoðuð, þ. á m. Dalatangaviti, byggður 1895. Einnig var farið síðla hausts til Seyðisfjarðar vegna viðhalds á barnaskólanum og húsi Otto Wathne.

Pétur fór einnig ásamt Ugga Ævarssyni, minjaverði Suðurlands, til Vestmannaeyja um miðjan maí vegna Stórhöfðavita og Landakirkju og á haustdögum í Landeyjar og Fljótshlíð vegna viðgerðar á Akureyjarkirkju og endurbyggingar Múlakots.

Auk úttekta tóku Gunnþóra Guðmundsdóttir og Pétur H. Ármannsson þátt í kynningu forsætisráðuneytisins á nýjum lögum um verndarsvæði í byggð (nr. 87/2015). Haldnir voru kynningarfundir um allt land og tók Pétur þátt í fundunum sem haldnir voru á Selfossi, Kirkjubæjarklaustri, Egilsstöðum, Ísafirði, Garðabæ og Reykjavík en Gunnþóra var á fundum á Akureyri, Sauðárkróki og í Stykkishólmi.



Dalatangaviti á Dalatanga á milli Mjóafjarðar og Seyðisfjarðar. Elsti uppistandandi viti landsins, reistur 1895.

7.2 Friðlýsingar

Þann 12. maí undirritaði forsætisráðherra breytta skilmála friðlýsingar hússins að **Fríkirkjuvegi 11 í Reykjavík**. Nær friðlýsingin nú yfir ytra borð hússins og tiltekna byggingahluta innan dyra (nánari útlistun má sjá á heimasíðu Minjastofnunar). Um mögulega niðurtekt og varðveislu aðalstiga hússins gilda ákvæði sérstaks samkomulags, þar sem veitt er heimild til að hann verði tekinn niður og varðveittur á öruggum stað í húsinu á þeirri forsendu að um fullkomlega afturkræfa breytingu sé að ræða.

Hvanneyrartorfan í Borgarfirði var friðlýst þann 11. júlí og markar friðlýsingin tímamót í sögu hús- og minjaverndar þar sem friðlýsingin er fyrsta samþætta friðlýsing húsa og fornleifa á landinu. Frumkvæði að friðlýsingunni kom frá heimamönnum sem um mitt ár 2014 óskuðu eftir því við Minjastofnun Íslands að hún hæfi undirbúning tillögu um friðlýsingu torfunnar til forsætisráðherra.



*Hluti gömlu bæjar-
torfunnar á Hvanneyri.
Skólahús (1910) eftir
Rögnvald Á. Ólafsson,
íþróttahús (1911) eftir
uppdrætti Einaris Er-
lendssonar, íbúðarhús
skólalastjóra (1920)
teiknað af Guðjóni
Samúelssyni og skemma
(1896).*

Þann 22. október friðlýsti settur forsætisráðherra, Sigrún Magnúsdóttir, **hafnargarðinn á lóðinni Austurbakki 2 í Reykjavík**. Garðurinn var hlaðinn á árunum 1913-1917 en fluttur fram um nokkra metra árið 1928 í tengslum við breikkun Tryggvagötu. Garðurinn er friðlýstur á forsendum þess að hann er hluti af sögu hafnargerðarinnar 1913-1917. Sá hluti hafnargarðsins sem komið hefur í ljós er það heillegasta sem eftir stendur af hinu sögulega mannvirki.



*Hafnargarðurinn á lóð-
inni Austurbakki 2,
Reykjavík*

7.3 Tillögur um friðlýsingu

Minjastofnun Íslands sendi engar nýjar tillögur að friðlýsingum til ráðherra á árinu.

7.4 Endurskoðun friðlýsingaskrár fornleifa

Áfram var unnið að endurskoðun friðlýsingaskrárinnar sem meðal annars felur í sér skráningu minjastaða á vettvangi. Fóru starfsmenn Minjastofnunar í skráningarferð um Vestur-Barðastrandarsýslu í maí og voru alls kannaðir 32 minjastaðir og á þeim skráðar 216 fornleifar. Í júní lauk átaksverkefni í skráningu friðlýstra minjastaða á Suðurlandi sem unnið var af Fornleifastofnun Íslands ses. fyrir hönd Minjastofnunar og voru skráðir alls 130 minjastaðir. Einnig var unnið í átaksverkefni í skráningu friðlýstra minjastaða á höfuðborgarsvæðinu og á Reykjanesi, þar sem skráðir verða 29 minjastaðir. Er það Antikva ehf. sem vinnur verkið fyrir hönd Minjastofnunar og er ætlunin að því ljúki á vor-mánuðum 2016.

Í tengslum við endurskoðun friðlýsingaskrárinnar hafa nú alls verið skráðir 541 friðlýstur minjastaður, af 853, þar sem eru samtals 2065 uppmældar fornleifar.



*Minjavörður Vestfjarða
mælir upp friðlýstar
dysjar sem tilheyra
kumlateig í Berufirði.*

8. Samstarfsverkefni

Minjastofnun Íslands tekur þátt í fjölda innlendra og erlendra samstarfsverkefna með öðrum stofnunum, sveitarfélögum, félagasamtökum og einstaklingum.

8.1 Innlend verkefni

8.1.1 Samvinna

Húsverndarstofa er samvinnuverkefni Minjastofnunar Íslands, Borgarsögusafns og Iðunnar fræðsluseturs. Veitt er frí ráðgjöf vegna eldri húsa og sitja arkitektar á vegum Minjastofnunar og Borgarsögusafns fyrir svörum alla miðvikudaga frá kl. 15-17 og einnig í síma á sama tíma. Ekki þarf að panta tíma heldur einungis að mæta á staðinn. Bókasafn er á staðnum með margs konar fróðleik sem gestum er velkomið að glugga í og einnig gefst kostur á að skoða sýningu er segir sögu byggingartækninnar. Húsverndarstofa er vettvangur þar sem hægt er að leita sér upplýsinga áður en hafist er handa við viðgerðir á eldri húsum hvort heldur sem er fyrir eigendur eða hönnuði og smíði er koma að verkinu.

Aðsókn í húsverndarstofu er nokkuð jöfn yfir árið þótt greinilega megi finna að fyrirspurnum fjölgar á þeim tíma þegar hægt er að sækja um styrki frá húsafríðunarsjóði og húsverndarsjóði Reykjavíkurborgar. Í desember og janúar hafa heimsóknartölur orðið mjög lágar og því hefur verið lokað þessa tvo mánuði ár hvert. Hægt er að fylgjast með opnunartíma á heimasíðum þeirra er koma að húsverndarstofu.



*Húsaverndarstofa er á Árþéjarsafni (opnunar-
tíma má sjá á heima-
síðum Árþéjarsafns og
Minjastofnunar Íslands).*

Á árinu var undirrituð viljayfirlýsing um samstarf í tengslum við gönguleiðaapp Einars Skúlasonar, Wapp, en samstarfið felur í sér að upplýsingar um minjar á þeim gönguleiðum sem smáforritið heldur utan um verði gerðar aðgengilegar notendum forritsins.

8.1.2 Kirkjur Íslands

Á vordögum 2015 komu út 24. og 25. bindi í ritröðinni Kirkjur Íslands, þar sem fjallað er um allar friðaðar kirkjur á Íslandi frá sjónarhóli byggingarlistar, stílfræði og þjóðminjavörslu. Í máli og myndum er fjallað um tvö meginumfjöllunar-efni: annars vegar hið varðveitta mannvirki, byggingarlist þess og sögu, og hins vegar kirkjugripi og minningarmörk, list þeirra og sögu. Frá upphafi hafa Húsa-friðunarnefnd ríkisins, nú Minjastofnun Íslands, Þjóðminjasafn Íslands og Biskupsstofa í samvinnu við Hið íslenska bókmenntafélag staðið að útgáfunni auk annarra samstarfsaðila.

Í þessum bindum er fjallað um 13 kirkjur í Múlaprófastsdæmi, sem nú er hluti af Austurlandsprófastsdæmi. Að útgáfu bindanna tveggja standa Minjastofnun Íslands, Biskupsstofa og Þjóðminjasafn Íslands. Ritnefnd skipuðu þau Agnes M. Sigurðardóttir biskup, Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands, Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður og Þorsteinn Gunnarsson arkitekt, sem, auk þess að vera formaður nefndarinnar, er ritstjóri verksins ásamt Jóni Torfasyni.

Í tilefni útgáfunnar var efnt til málstofu og sýningar í húsnæði Austurbrúar á Egilsstöðum laugardaginn 5. september 2015. Þar fjallaði Þorsteinn Gunnarsson arkitekt og ritstjóri um verkefnið í heild sinni, Hjörleifur Guttormsson náttúrufræðingur um kirkjustaði í Múlaprófastsdæmi, Pétur H. Ármannsson arkitekt hjá Minjastofnun sagði frá friðuðum kirkjum í Múlaprófastsdæmi, Lilja Árnadóttir safnvörður munasafns Þjóðminjasafns Íslands ræddi um gripi í kirkjum í Múlaprófastsdæmi og Guðlaug Vilbogadóttir sérfræðingur hjá Minjastofnun fjallaði um minningarmörk í Múlaprófastsdæmi. Fundarstjóri var Rúnar Leifsson minjavörður Austurlands.

Nánari upplýsingar um verkefnið og útgefin bindi má finna á [heimasíðu Minjastofnunar](#).

8.1.3 Nefndir


Minjastofnun Íslands á fasta fulltrúa í kirkjugarðaráði, Breiðafjarðarnefnd og ráðgjafarnefnd Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls.

- Forstöðumaður er fulltrúi stofnunarinnar í kirkjugarðaráði og í ráðgjafarnefnd Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls þar sem minjavörður Vesturlands, Magnús A. Sigurðsson er varamaður.
- Minjavörður Vesturlands er einnig fulltrúi stofnunarinnar í Breiðafjarðarnefnd og er Agnes Stefánsdóttir varamaður.

Minjavörður Suðurlands tók á árinu sæti í nefnd á vegum Þjóðgarðsins á Þingvöllum um nýja sýningu sem verður í stækkaðri þjónustumiðstöð á Hakinu.

8.2 Erlend verkefni

Evrópuverkefnið *LoCloud* sem Minjastofnun Íslands tekur þátt í gengur út á samvinnu Evrópuþjóða um að koma gögnum um menningararfinn inn á samevrópska gagnagrunninn Europeana. Tveir starfsmenn Minjastofnunar fóru á fund í París í febrúar vegna verkefnisins og annar þeirra fór aftur á vinnufund vegna þess í York í nóvember. Verkefninu lýkur í febrúar 2016.



Minjastofnun Íslands á fulltrúa í stjórn EAC – *European Archaeological Council*, samtökum evrópskra stjórnsýslustofnana sem bera ábyrgð á fornleifaarfinum. Stjórnarfundir eru haldnir þrisvar sinnum á ári auk aðalfundar og ráðstefnu einu sinni á ári. Fulltrúi Minjastofnunar mætti á stjórnarfundum í Búdapest 16.-17. janúar og Prag 9.-10. október auk aðalfundar í Lissabon 19.-20. mars. Í framhaldi af aðalfundinum var árleg ráðstefna EAC. Yfirskrift ráðstefnunnar í ár var *When Valletta meets Faro. The reality of European Archaeology in the 21st Century*.

Forstöðumaður Minjastofnunar Íslands situr árlega fundi *Þjóðminjavarða Norðurlandanna* og fundi *forstöðumanna minjastofnana Evrópu (European Heritage Heads Forum)*.

Fundur þjóðminjavarðanna árið 2015 var haldinn á Borgundarhólmi í Danmörku. Á fundinum var fjallað almennt um starfsemi embættanna og það sem efst var á baugi í hverju landi. Tveir starfsmenn stofnunarinnar sóttu einnig samráðsfund starfsmanna þjóðminjavarðarembættis á Norðurlöndunum í Svíþjóð í september. Þar var rætt um mismunandi nálgun landanna á sviði fornleifarannsóknar sem eru tilkomnar vegna framkvæmda.

Fundur forstöðumanna minjastofnana Evrópu, EHHF, var haldinn í Dublin á Írlandi. Meginefni fundarins að þessu sinni var endurnýting sögulegra bygginga. Á fundinum settist forstöðumaður Minjastofnunar í stjórn EHHF.

Minjastofnun Íslands er fulltrúi Íslands vegna *Menningarminjadags Evrópu* (e. European Heritage Days eða EHD). Menningarminjadagurinn er einhver fjöl sóttasti menningarviðburður í heimi, en árlega taka þátt í honum um 20 milljón manns um gjörvalla Evrópu. Minjastofnun Íslands tók árið 2015 þátt í Evrópska menningarminjadeginum, en þema ársins var arfur verk- og tæknimenningar. Viðburðirnir voru af ýmsum toga hringinn í kringum landið og hljóp fjöldi gesta á hundruðum. Minjastofnun hefur frá árinu 2014 átt fulltrúa í stýrihópi menningarminjadaganna og kemur því að skipulagningu þeirra á Evrópuvísu. Sú stefna var mörkuð á árinu að lýðræðisvæða viðburðinn enn frekar. Er þá horft sérstaklega til Faro-sáttmálans og þeirrar áherslu sem þar er lögð á grasrót einstaklinga og hópa sem áhuga hafa á menningarminjum. Einnig var lögð áhersla á það hvernig best sé að stuðla að tengingu viðburða og hópa þvert á landamæri. Fulltrúi Minjastofnunar hélt erindi, bæði á málþingi og einnig á ráðstefnu sérfræðinga og minjavörslufólks þann 11. og 12. júní, um varðveislu leir- og torfbygginga í Evrópu. Þingið var haldið í Errol í Skotlandi á vegum EBUK (Earth Building – UK) þar sem m.a. var fjallað í víðu samhengi um varðveislu torfbygginga og handverks. Í framhaldinu er nú í undirbúningi verkefni og frekara samstarf Minjastofnunar og EBUK á þessum vettvangi.

Þann 19. nóvember var svæðisfundur (e. regional workshop) Herein – European Heritage Network, haldinn í húsnæði Minjastofnunar Íslands í Reykjavík. Þátttakendur voru 8 og komu, auk Íslands, frá Rúmeníu, Írlandi, Póllandi, Eistlandi, Litháen og Finnlandi auk tveggja fulltrúa frá menningarmálaskrifstofu Evrópuráðsins í Strasbourg. Nánari upplýsingar um markmið og tilgang Herein má finna á [heimasíðu verkefnisins](#).



Minjastofnun Íslands hefur tekið þátt í samnorrænu verkefni er snýr að menningararfði og vistkerfisþjónustu (*ökosystemtjenester*) ásamt Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Verkefnið var styrkt af Norrænu ráðherranefndinni (*Nordisk ministerråd*). Árið 2012 var hafist handa við að móta verkefnið sem fólst í því að kanna vistkerfisþjónustu í víðara samhengi en tíðkast hafði og hvort menningararfur okkar gæti fallið undir þetta hugtak. Upphaflega var Þór Hjaltalín sviðstjóri og minjavörður Norðurlands vestra fulltrúi Minjastofnunar vegna verkefnisins en vorið 2014 tók Gunnþóra Guðmundsdóttir arkitekt við keflinu. Haldnir voru fundir í Noregi í mars 2014 og um miðjan nóvember sama ár. Verkefninu lauk með sameiginlegri skýrslu sem kom út vorið 2015 og ber yfirskriftina „Kulturarv og ökosystemtjenester. Sammenhenger, muligheter og begrensninger“.



9. Minjasvæðin

Skrifstofur minjavarða Minjastofnunar Íslands eru vettvangur og miðstöð minjavörslunnar í héraði. Skrifstofurnar eru á Selfossi, Djúpavogi, Akureyri, Sauðárkróki, Bolungarvík og í Stykkishólmi. Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu er sinnt úr höfuðstöðvunum í Reykjavík. Á skrifstofunum er hægt að leita sér upplýsinga um fornleifar, hús og minjamál á svæðinu og fá leiðbeiningar um hvaðeina er varðar minjar og skipulag, framkvæmdir, nýtingu, miðlun, rannsóknir og varðveislu fornleifa, húsa og annarra mannvirkja. Starf minjavarðar snýst ekki síst um samskipti við fólk, fólk í framkvæmdum og í stjórnsýslu, ferðamenn og fornleifafræðinga, safna- og skólafólk, bændur og búalið. Þannig er minjavörður í beinum tengslum við alla þá aðila sem þurfa úrlausnar við í tengslum við framkvæmd laga um menningarminjar.

Minjaverðir hittast reglulega á fundum og samhæfa störf sín auk þess sem þeir sjá t.d. um að samhæfa störf minjaráða, en minjaverðir stjórna fundum þeirra og eru tengiliðir Minjastofnunar í minjaráðunum.

Minjaráð eru samráðsvettvangur um varðveislu og nýtingu menningarminja á hverju minjasvæði. Minjaráð beita sér fyrir verkefnum á sviði minjavörslu, til eflingar byggðar og atvinnusköpunar meðal annars með ályktunum sem beint er til sveitarstjórna eða annarra þar til bærri stjórnvalda. Minjaráð hefur frumkvæði að uppbyggilegum verkefnum í héraði og getur boðið gestum á fundi, til samræðu og samráðs eða sérfræðingum til kynninga og fyrirlestrahalds, t.d. á sviði skipulagsmála eða húsverndar. Minjaráð geta einnig farið í vettvangsferðir og skoðað minjar og staði á svæðinu.

Sex fulltrúar sitja í ráði hvers minjasvæðis auk þess sem minjavörður á hverju svæði er formaður síns minjaráðs. Fulltrúarnir eru skipaðir til fjögurra ára í senn af þremur aðilum: samband sveitarfélaga á minjasvæðinu tilnefnir tvo fulltrúa, þjóðminjavörður tilnefnir tvo og Minjastofnun Íslands tilnefnir tvo. Fundir minjaráða eru haldnir a.m.k. tvisvar á ári og eru fundargerðir birtar á heimasíðu Minjastofnunar Íslands. Það er lögbundið hlutverk hvers minjavarðar að stýra fundum minjaráðs á sínu minjasvæði. Auk þess heldur minjavörður uppi upplýsingaflæði og samskiptum við aðra fulltrúa, getur hjálpað til við að þróa verkefni og ýta þeim úr vör.

Hér á eftir er sagt frá helstu málum sem minjaverðir fengust við árið 2015 og upplýsingar um fulltrúa í minjaráðum á hverju minjasvæði fyrir sig.

9.1 Reykjavík og nágrenni



*Samspil hrauns, gróðurs og
hins byggða umhverfis,
Vesturbær Hafnarfirði.*

Árið 2015 beindist umræðan að fornleifum og hafnarmannvirki í Reykjavík. Vegna byggingaráforma á lóðunum við Austurbakka, við hliðina á gamla tollhúsinu, og í Lækjargötu 10-12 var farið í fornleifauppgrefti. Um tilvist hafnargarðsins var vitað en fornleifar þær sem fundust í Lækjargötu voru óvæntur glaðningur sem nýst getur til rannsókna á búsetuháttum manna í Reykjavík. Voru þessir fundir ágætis áminning þess efnis að við búum í borg sem hefur að geyma heilmikla sögu sem enn er ekki kortlögð til fullnustu.

Töluverð uppbygging hefur átt sér stað í miðbæ Reykjavíkur undanfarið. Nokkur hús hafa verið flutt til innan borgarmarkanna síðasta árið og horft til þess að ný staðsetning þeirra muni styðja við nærliggjandi umhverfi og hús. Við flutning húsa við Grettisgötu varð mikill styr vegna silfurreynis sem stendur þar í garði. Var það í fyrsta sinn sem varpað var fram þeirri spurningu hver afstaða Minjastofnunar væri til trjágróðurs sem, eins og silfurreynirinn við Grettisgötu, væri orðinn yfir 100 ára og óneitanlega hluti af götumyndinni.

Af þessu má sjá að málin sem komið hafa inn á borð síðasta árið hafa verið af margvíslegum toga og umfangi.

Minjaráð Reykjavíkur og nágrennis:

Gunnþóra Guðmundsdóttir, formaður, minjavörður Reykjavíkur og nágrennis

Nikulás Úlfar Mátsson, byggingafulltrúi Reykjavíkurborgar

Sólveig Jóhannsdóttir, umhverfisfulltrúi í Kópavogi

Björn Pétursson, forstöðumaður Bygðasafns Hafnarfjarðar

Anna Lía Guðmundsdóttir, verkefnastjóri hjá Borgarsögusafni Reykjavíkur

Margrét Pálsdóttir, formaður umhverfisnefndar Seltjarnarnesbæjar

Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri Garðabæjar

9.2 Suðurnes



*Kálfatjarnarkirkja á
Vatnsleysuströnd.
Minjastofnun heimsótti
kirkjuna á ferð sinni um
Reykjanes 2. október
2015.*

Minjaráð Suðurnesja sem komið var á fót í lok árs 2014 hélt tvo fyrstu fundi sína á árinu 2015. Fyrri fundurinn var haldinn í febrúar en sá síðari í desember.

Á árinu varð töluverð umræða um sjávarminjar og þær hættur sem þeim stafar af náttúruöflunum. Í apríl hélt Minjastofnun Íslands ráðstefnu um minjar í hættu vegna ágangs sjávar. Í tilefni þess var tekin saman tölfræði um strandminjar á Suðurnesjum. Fornleifaskráning á Íslandi er ekki komin langt á veg og er talið að enn eigi eftir að skrá fornleifar á helmingi til $\frac{3}{4}$ af landinu. Fornleifar hafa verið skráðar í sveitarfélögunum á Suðurnesjum. Skráningin er misumfangsmikil milli sveitarfélaganna en ekkert þeirra hefur lokið við skráningu á sínu svæði. Skráðar fornleifar skv. fyrirbyggjandi gögnum eru um 3.500 í sveitarfélögunum fimm. Af þessum fornleifum tengjast um 450 sjósókn eða um 13 % af heildarfjölda minjanna. Þegar fornleifar eru skráðar eru bæði skráðar þær fornleifar sem sýnilegar eru á yfirborði og líka heimildir um þær sem horfnar eru, annað hvort vegna þess að þær hafa eyðst eða vegna þess að jarðvegur hylur það sem eftir er af mannvirkjum sem áður stóðu uppi. Af þeim u.þ.b. 450 strandminjum sem skráðar eru á Suðurnesjum eru um 300 enn sýnilegar. Minjarnar eru af ýmsum toga en algengastar eru lendingar og varir, sjóbúðir, naust, hjallar, sjóvarnargarðar, sjóbúðir, fiskreitir, fiskbyrgi og vörður sem sjófarendur notuðu sem mið.

Minjaráð Suðurnesja:

Kristinn Magnússon, formaður, verkefnisstjóri hjá Minjastofnun Íslands
Eysteinn Eyjólfsson, varabæjarfulltrúi hjá Reykjanesbæ
Eydís Mary Jónsdóttir, staðgengill forstöðumanns Þekkingarseturs Suðurnesja
Sigrún Ásta Jónsdóttir, forstöðumaður Byggðasafns Reykjanesbæjar
Eyrún Helga Ævarsdóttir, forstöðumaður Byggðasafns Garðskaga
Eggert S. Jónsson, verkefnastjóri hjá Reykjanes Geopark
Helga Ragnarsdóttir, Minja- og sögufélagi Vatnsleysustrandar

9.3 Vesturland



Eftirlit haft með lagningu ljósleiðara á Skógarströnd.

Ekki var mikið um uppgrefti á Vesturlandi á árinu. Björgunarrannsókn hélt áfram á Gufuskálum, líklega síðasta tímabilið í bili. Franskir kvikmyndagerðarmenn sóttu um leyfi til köfunar í rannsóknarskipið Pourquoi Pas? til ljósmyndunar og kvikmyndagerðar, en það verkefni virðist hafa frestast. Snemma um vorið fór minjavörður ásamt doktorsnema við Háskóla Íslands til Flateyjar í nokkra daga til að skoða 17. aldar flak sem er þar.

Styrkur fékkst úr sérstakri fjárveitingu ríkisstjórnarinnar til brýnnar uppbyggingar og verndaraðgerða á ferðamannastöðum til endurbóta og viðhalds á tveimur friðlýstum minjastöðum. Annarsvegar á fiskbyrgjum við Gufuskála og hinsvegar á Snorralaus og umhverfi. Minjavörður hafði eftirlit með báðum þessum framkvæmdum.

Um sumarið var unnið við að sigta brottkast frá uppgrefti sem á sínum tíma var við Bæjarkirkju. Minjavörður ásamt sr. Flóka Kristinsyni var við sigtun í eina þrjá daga en því miður kom lítið áhugavert í ljós.

Mannvistarleifar komu í ljós við framkvæmdir við Reykholtskirkjugarð. Minjavörður fór á staðinn og sá að töluvert var um mannvistarlög í skurði sem grafinn hafði verið fyrir nýjan kirkjugarðsvegg. Fékk hann aðstoð frá Ugga Ævarssyni, minjaverði Suðurlands, næsta dag til að hreinsa sniðið í skurðinum og teikna

Það. Í kjölfarið var verkefninu vísað til sjálfstætt starfandi fornleifafræðinga sem rannsökuðu svæðið áður en framkvæmdum var fram haldið.

Tvisvar var farið í hellinn Leyni á Snæfellsnesi. Í fyrra skiptið um sumarið með fjölmiðlum en í seinna skiptið um haustið með Rúnari Leifssyni, minjaverði Austurlands, til að safna saman beinum til greiningar. Einu sinni var farið í Hringisdal við Arnarfjörð vegna beina sem fundust þar við girðingarframkvæmdir. Farið var í Surtshelli með starfsmannafélagi Þjóðminjasafnsins, þar sem minjavörður athugaði meðal annars hvort hrúnið hefði úr hellinum nýlega. Svo virðist ekki hafa verið.

Tveir fundir voru haldnir með minjaráði Vesturlands á árinu.

Minjaráð Vesturlands:

Magnús A. Sigurðsson, formaður, minjavörður Vesturlands

Eyþór Garðarsson, forseti bæjarstjórnar í Grundarfirði

Einar Brandsson, varaforseti bæjarstjórnar á Akranesi

Jón Allansson, forstöðumaður Safnasvæðisins á Akranesi

Ágúst Ó. Georgsson, safnvörður Þjóðháttasafns Þjóðminjasafns Íslands

Hulda Guðmundsdóttir, skógarbóndi og varamaður í sveitarstjórn Skorradals-
hrepps

Sigurður Þórólfsson, bóndi

9.4 Vestfirðir



*Hrútakofi á Kothól á
jörðinni Sellátrum í
Tálknafirði.*

Minjavörður Vestfjarða hóf störf í apríl 2015. Með fyrstu verkefnum, eftir að hann flutti vestur í maí, var að koma ár sinni fyrir borð á Vestfjörðum og kynnast helstu hagsmunaaðilum. Sumarið fór í hefðbundin störf minjavarða svo sem umsagnir um byggingar- og skipulagssvæði, vettvangskannanir, ráðgjöf til almennings og fagaðila ásamt uppmælingum á friðlýstum minjum. Sumarið 2015 hófu Míla ehf. og Orkubú Vestfjarða að tengja Vestfirði með ljósleiðara.

Vel gekk að skipuleggja línulagnir á austanverðum Vestfjörðum með það í huga að valda sem minnstu raski á minjum í samráði við Mílu og Náttúrustofu Vestfjarða. Önnur minniháttar mál, sem þó eru frásagnar verð, komu upp yfir sumartímann. Má þá helst nefna hvernig á Facebook komst upp um ófaglega meðhöndlun á forngripum, í tvígang. Auk þess fundust mannabein norður á Dröngum á Ströndum sem til stendur að senda í aldursgreiningu.

Fyrir utan venjuleg skipulagsmál sem sinna þurfti má nefna aðkomu Minjastofnunar að hinum ýmsu kirkjugörðum, húsum og öðru smálegu. Til stendur að lagfæra hinn forna kirkjugarð á Kirkjubóli í Langadal í samstarfi við Minjastofnun. Minjavörður fór einnig í Kollsvík og skoðaði minjar og hesthúsið í Kollsvík sem mun vera eitt elsta atvinnuhúsnæði á landinu. Ýmis afskipti þurfti að hafa af niðurrifi og endurbyggingu húsa og miðla málum milli fólks með ólíkar skoðanir á verklagi við slíkar athafnir. Mikið og gott samband var við fornminjafélag Súgfirðinga og Vegagerðina.

Þrjú verkefni á Vestfjörðum hlutu styrk úr sérstakri fjárveitingu ríkisstjórnarinnar til brýnnar uppbyggingar og verndaraðgerða á ferðamannastöðum: afmörkun minja og upplýsingagjöf á Flókatóftum, upplýsingagjöf, bætt aðgengi og verndaraðgerðir í Hringsdal og lagfæringar og upplýsingagjöf í Vatnsfirði.

Á haustdögum kom minjaráð saman og í kjölfarið fór fólk að hafa samband til að fá upplýsingar um húsfriðunarsjóð og friðlýsingar húsa. Má þar nefna „braggann“ á Hólmavík sem hefur þjónað Strandamönnum sem samkomustaður í ára- raðir en á ættir sínar að rekja til hersetu á Reykjum í Hrútafirði.

Minjaráð Vestfjarða:

Einar Ísaksson, formaður, minjavörður Vestfjarða

Guðrún Stella Gissurardóttir, fulltrúi í bæjarstjórn Bolungarvíkurkaupstaðar

Ingibjörg Emilsdóttir, fulltrúi í sveitarstjórn Strandabyggðar

Jón Sigurpálsson, forstöðumaður Byggðasafns Vestfjarða

Steinunn Kristjánsdóttir, prófessor í fornleifafræði við Háskóla Íslands

Jón Jónsson, menningarfulltrúi Vestfjarða

Nanna Sjöfn Pétursdóttir, skólastjóri Grunnskóla Vesturbyggðar

9.5 Norðurland vestra



Dr. Steinunn Kristjánsdóttir grefur ásamt starfsfólki sínu prufuholu á Þingeyrum í Þingi. Uppgröfturinn er liður í rannsókn Steinunnar á klaustrum á Íslandi.

Minjavörður Norðurlands vestra sinnti, auk síns minjasvæðis, Stranda- og Ísafjarðarsýslum frá ársbyrjun þar til nýr minjavörður Vestfjarða tók við í apríl. Einnig féll minjasvæði Norðurlands eystra að hluta undir minjavörð Norðurlands vestra síðari hluta ársins þegar Sigurður Bergsteinsson, minjavörður Norðurlands eystra, hvarf til annarra starfa.

Fjöldi formlegra umsagnarmála má teljast heldur meiri en á síðasta ári og er kannski til vitnis um að framkvæmdir í landinu séu að aukast eftir hrun. Áberandi hefur verið aukning í stórfamkvæmdum í tengslum við línulagnir af ýmsu tagi og má í því sambandi nefna hitaveituvæðingu Húnaþings vestra og sömu leiðis í Fljótum í Skagafirði. Að öðru leyti eru þetta helst hefðbundnar umsagnir um byggingarreiti og skipulagsmál. Rétt er þó að nefna þó nokkra fjölgun umsagnarbeiðna um hús og eru þau farin að taka meiri tíma í störfum minjavarða eftir að Minjastofnun Íslands var sett á laggirnar árið 2013. Einnig má nefna eftirlit og samskipti vegna fornleifarannsókna og styrkveitinga úr húsafríðunar-sjóði.

Fjögur verkefni hlutu styrk úr sérstakri fjárveitingu ríkisstjórnarinnar til brýnnar uppbyggingar og verndaraðgerða á ferðamannastöðum á minjasvæði Norðurlands vestra. Þau eru: gerð deiliskipulags fyrir Borgarvirki, gerð deiliskipulags fyrir Hegranesþingstað, umhverfisskipulag á Örlygsstöðum og sögu- og minjakort fyrir Þing og Vatnsdal. Verkefnin hafa verið unnin í nánú samstarfi við hlutaðeigandi aðila, bæði skipulagsyfirvöld og landeigendur. Markmið þessara verkefna er bætt aðgengi og upplýsingagjöf til ferðamanna sem sækja þessa staði heim á sama tíma og reynt er að tryggja varðveislu minjanna.

Fyrirlestrar og erindi af ýmsu tagi hefur jafnan tekið nokkuð pláss í störfum minjavarðar og þá oft í tengslum við einhverskonar samstarfsverkefni. Af öðrum verkefnum minjavarðar má nefna verkefnið „Nordic-Baltic Mobility Program“ sem gengur út á að efla samstarf og þekkingu minjavörslufólks innan þessa svæðis. Fékk Minjastofnun heimsókn frá Vilnius í Litháen frá forstöðukonu og

aðstoðarmanni hennar hjá „The State Cultural Reserve of Vilnius Castles“ og var sett upp sérstök námsdagskrá fyrir þessa gesti.

Minjaráð hittist einu sinni á árinu, í október.

Minjaráð Norðurlands vestra:

Þór Hjaltalín, formaður, minjavörður Norðurlands vestra
Gunnsteinn Björnsson, fulltrúi í sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar
Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri Húnaþings vestra
Sigríður Sigurðardóttir, safnstjóri Byggðasafns Skagfirðinga
Guðmundur Lúther Hafsteinsson, safnvörður húsasafns Þjóðminjasafns Íslands
Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, lektor við ferðamálaeild Háskólans á Hólum
Ingibergur Guðmundsson, menningarfulltrúi Norðurlands vestra

9.6 Norðurland eystra



*Uppgröftur í landi
Nausta á Akureyri.*

Sigurður Bergsteinsson gegndi stöðu minjavarðar á svæðinu fyrri hluta árs, en hóf störf sem verkefnisstjóri fornleifarannsóknna þann 1. september. Sigurður, Rúnar Leifsson, minjavörður Austurlands, og Þór Hjaltalín, minjavörður Norðurlands vestra, sinntu starfi minjavarðar Norðurlands eystra í sameiningu fram að áramótum. Nýr minjavörður Norðurlands eystra, Rúnar Leifsson, tekur til starfa 1. janúar 2016.

Á undanförunum árum hafa verið gerðar miklar fornleifarannsóknir og fornleifaskráningar vegna framkvæmda á minjasvæðinu, s.s. vegna iðnaðarsvæðisins á Bakka við Húsavík, orkuvinnslu á Þeystareykjum og jarðgangnagerð í Vaðlaheiði. Mjög hefur dregið úr framkvæmdarannsóknum á svæðinu. Aðeins var gerð ein fornleifarannsókn vegna framkvæmda á svæðinu á árinu, en það var

minniháttar uppgröftur vegna skipulags á nýju íbúðarhverfi, svokallaðs Hagahverfis, sunnan Naustahverfis á Akureyri.

Þann 26. mars var haldinn fundur í minjaráði Norðurlands eystra. Farið var yfir verkefni ársins og hlutverk minjaráðs. Áætlað var að halda næsta fund að hausti en af því gat ekki orðið.

Tvö verkefni á Norðurlandi eystra hlutu styrki samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar um sérstaka fjárveitingu til brýnnar uppbyggingar og verndaraðgerða á ferðamannastöðum vorið 2015: gerð deiliskipulags á minjasvæðinu á Hofstöðum og endurhleðsla Hlíðarréttar í Mývatnssveit.

Minjavörður ávarpaði gesti við opnun sýningarinnar „Loksins kom rafmagnið“, í tilefni samvinnu Minjastofnunar Íslands og Síldarminjasafns Íslands um menningarminjadaga Evrópu, þann 21. júní, en þema Evrópskra menningarminjadaga í ár var arfur verk- og tæknimenningar. Minjavörður ávarpaði einnig gesti á Hofstöðum í Mývatnssveit sem þangað voru komnir til að kynna sér fornleifarannsóknir á staðnum undanfarna tvo áratugi.

Þá tók minjavörður þátt í tveimur vettvangsferðum stofnunarinnar utan síns minjasvæðis. Um var að ræða skráningu friðlýstra minja á sunnanverðum Vestfjörðum og Barðaströnd í maí og vettvangsrannsókn vegna fundar mannabeina á Dröngum á Ströndum.

Minjaráð Norðurlands eystra:

Sigurður Bergsteinsson, formaður, minjavörður Norðurlands eystra

Steinunn María Sveinsdóttir, fulltrúi í bæjarstjórn Fjallabyggðar

Sif Jóhannesdóttir, fulltrúi í bæjarstjórn Norðurþings

Örlygur Kristfinnsson, safnstjóri Síldarminjasafns Íslands

Haraldur Þór Egilsson, safnstjóri Minjasafnsins á Akureyri

Hjörleifur Finnsson, þjóðgarðsvörður í Vatnajökulspjóðgarði – starfsstöð í Ásbyrgi

Baldur Daníelsson, framkvæmdastjóri Urðarbrunnis

9.7 Austurland



Djúpavogskirkja var á árinu færð af grunni sínum vegna endurbóta.

Í mörg horn var að líta á Austurlandi vegna minjaverndarmála auk hefðbundinna verkefna vegna skipulagsmála og framkvæma. Minjavörður heimsótti friðlýsta fornleifastaði til að kanna ástand þeirra, m.a. staði við Lagarfljót og í Gautavík. Friðuð og friðlýst hús voru ekki einu mannvirkin sem rötuðu á borð minjavarðar heldur einnig álitamál vegna brúa og komu jafnframt skipsflök til umsagnar. Minjavörður vann með kjörnum fulltrúum og starfsfólki sveitarfélaganna á minjasvæðinu vegna fjölbreyttra mála, s.s. mótun menningarstefnu, að skráningu menningarminja, fornleifarannsóknnum og málum tengdum einstökum mannvirkjum og verndarsvæðum í byggð. Haldnir voru tveir fundir hjá minjaráði á árinu.

Þann 1. mars 2015 fluttist skrifstofa minjavarðar Austurlands frá Egilsstöðum til Djúpavogs. Skrifstofa minjavarðar er nú í húsinu Geysi en í framtíðinni er stefnt að því að skrifstofan verði til húsa í Faktorshúsinu sem nú er verið að gera upp. Djúpivogur er ákjósanleg staðsetning fyrir skrifstofu Minjastofnunar. Bæði er skýr sýn hjá sveitarfélaginu varðandi verndun og viðhald menningarminja sem fellur vel að markmiðum Minjastofnunar en einnig er Djúpivogur vel í sveit settur sem bækistöð til að sinna hinu víðfeðma minjasvæði Austurlands sem nær frá Vopnafirði í norðri allt suðvestur í Örfælasveit.

Ríkisstjórn Íslands samþykkti sérstaka fjárveitingu til brýnnar uppbyggingar og verndaraðgerða á tveimur ferðamannastöðum á minjasvæði Austurlands: áningarstaði við naustin í Papafirði og úrbætur í upplýsingagjöf og aðgengi í tengslum við friðlýstar minjar í Hvannalindum. Getum hefur verið leitt að því að í Hvannalindum hafi útileguhjúin Fjalla-Eyvindur og Halla hafst við í lok 18. aldar en handbragðið á mannvirkjunum minnir á handbragð Fjalla-Eyvindar annars staðar á landinu. Sökum þessa var hluti vinnunnar í Hvannalindum að greina aldur rústanna með kolefnisaldursgreiningu. Niðurstöður þeirrar aldursgreiningar hrekja ekki hugmyndir um að Fjalla-Eyvindur og Halla kunni að hafa dvalið í Hvannalindum á 18. öld.

Minjaráð Austurlands:

Rúnar Leifsson, formaður, minjavörður Austurlands
Erla Dóra Vogler, ferða- og menningarmálafulltrúi Djúpavogshrepps
Skúli B. Gunnarsson, forstöðumaður Gunnarsstofnunar
Vala Garðarsdóttir, forstöðumaður Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar
Elfa Hlín Pétursdóttir, verkefnisstjóri hjá Austurbrú
Þorvaldur P. Hjarðar, svæðisstjóri vinnueftirlitsins og formaður Ferðafélags Fljótsdalshéraðs
Marínó Stefánsson, tæknimaður á framkvæmdasviði Fjarðabyggðar

9.8 Suðurland



Horft úr Rútshelli undir Eyjafjöllum út yfir fjárhúsið framan við hellinn. Myndin er tekin í júlí 2015 áður en viðgerðir á húsinu og þilinu hófust.

Auk skipulagsvinnu, sem tekur drjúgan tíma minjavarðar Suðurlands, voru ýmis önnur verkefni sem komu upp á árinu 2015.

Minjavörður Suðurlands var viðstaddur gróft þrúfuskurð við Þykkvabæjar-klaustur í Álftaveri þar sem Steinunn Kristjánsdóttir fornleifafræðingur fór fyrir liði fornleifafræðinga. Gróftur þrúfuskurðanna var hluti stórrar rannsóknar á klaustum á Íslandi.

Á árinu kom minjavörður að vinnu verndaráætlana fyrir Skálholt og Þingvelli ásamt Ástu Hermannsdóttur, verkefnisstjóra, hjá Minjastofnun Íslands.

Á Suðurlandi fengust styrkir til fjögurra verkefna í sérstakri fjárveitingu ríkisstjórnarinnar til brýnnar uppbyggingar og verndaraðgerða á ferðamannastöðum. Seljavallalaug, Steinahellir og Rútshellir fengu styrk auk göngubrúar yfir Rauða neðan við Stöng í Þjórsárdal. Framkvæmdum við Seljavallalaug lauk haustið 2015. Bæði var gert við steypuskemmdir í lauginni sjálfri sem og skemmdir í búningsklefum. Þil var smíðað fyrir Steinahelli og er þá aðkoman ekki ólík því sem var þegar hellirinn var þingstaður Eyfellinga. Þar var einnig gert lítið bílastæði. Komið verður fyrir upplýsingaskilti um hinn friðlýsta helli með vorinu 2016. Framan við Rútshelli undir Eyjafjöllum, sem er friðlýstur, hefur staðið fjárhús síðustu 100 ár eða svo og var ákveðið að gera við húsið

ásamt því að moka taði úr hellinum. Mun þeim framkvæmdum ljúka á vordögum 2016. Framkvæmdir við göngubrúna á Stöng í Þjórsárdal eru vel á veg komnar og stefnt er að því að þeim verði lokið sumarið 2016.

Haldnir voru þrír fundir í minjaráði á árinu.

Minjaráð Suðurlands:

Uggi Evarsson, formaður, minjavörður Suðurlands

Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri Rangárbings eystra

Ásborg Arnþórsdóttir, ferðamálafulltrúi uppsveita Árnessýslu

Linda Ásdísardóttir, safnvörður í Húsinu á Eyrarbakka

Sverrir Magnússon, framkvæmdastjóri Skógasafns

Ólafía Jakobsdóttir, forstöðumaður Kirkjubæjarstofu

Hreinn Óskarsson, skógarvörður Suðurlands, Skógrækt ríkisins

10. Úthlutanir úr sjóðum

Úrvinnsla umsókna í fornminjasjóð og húsafríðunarsjóð fóru fram í byrjun árs og var tilkynnt um úthlutanir úr húsafríðunarsjóði 16. mars og úr fornminjasjóði 17. mars.

10.1 Fornminjasjóður

Við úthlutun styrkja árið 2015 var tekið mið af úthlutunarreglum sem staðfestar voru af mennta- og menningarmálaráðherra 5. apríl 2013. Á fundi fornminjanefndar 20. maí var samþykkt að breyta reglunum lítillega og voru breytingarnar staðfestar af forsætisráðherra 4. júní (nr. 578/2014). Með breytingunni er nú vegna sérstakra aðstæðna heimilt að veita frest til greiðslu til loka næsta árs á eftir úthlutun, en ekki til 1. júní eins og eldri reglur kváðu á um.

Vegna styrkúthlutunar árið 2015 var auglýst eftir umsóknum 31. október 2014 og rann umsóknarfrestur út 5. janúar 2015. Auglýst var í dagblöðum og á heimasíðu og „facebook“ síðu stofnunarinnar og sótt var um með rafrænum hætti á vef Minjastofnunar Íslands. Alls bárust 73 umsóknir um styrki úr fornminjasjóði árið 2015, 26 styrkir voru veittir. Sótt var um samtals 163.311.816 kr. en til úthlutunar að þessu sinni voru um 40.820.000 kr. sem er töluvert hærri upphæð en árið 2014 þegar úthlutað var rúmum 27 milljónum kr. Auk þess veitti forsætisráðherra í fornminjasjóð 5 milljónum kr. sem eyrnamerkar voru viðgerð og viðhaldi skipsins Maríu Júlíu.

Allar umsóknir sem berast eru lagðar fyrir fornminjanefnd sem skilar um þær umsögn og gefur þeim einkunn. Við ákvörðun Minjastofnunar um úthlutun styrkja er tekið tillit til umsagna og mats nefndarinnar.

Tafla 10.1 Fjárhæðir í þús. króna.

	Fjöldi umsókna	Fjöldi styrkja	Fornleifarannsóknir (uppgröftur/skránning)	Miðlun upplýsinga	Varðveisla og viðhald fornminja	Viðhald annarra menningarminja	SAMTALS STYRKIR
Reykjavík og nágrenni	2	1	0	670	0	0	670
Reykjanes	3	1	2.000	0	0	0	2.000
Vesturland	14	4	5.500	0	0	1.000	6.500
Vestfirðir	13	3	3.300	0	0	0	3.300
Norðurland vestra	5	3	5.100	0	0	0	5.100
Norðurland eystra	11	6	12.600	0	750	0	13.350
Austurland	5	3	2.000	2.000	0	0	4.000
Suðurland	11	2	2.700	0	0	0	2.700
	64	23	33.200	2.670	750	1.000	37.620
Fornleifarannsóknir (á landsvísu)	3	0					
Miðlun upplýsinga (ekki staðbundið)	2	1					1.000
Varðveisla/viðhald (ekki staðbundið)	1	0					
Rannsóknir á forn-gripum	3	2					2.200
	9	3					
SAMTALS	73	26					40.820

Nánari upplýsingar um úthlutun ársins má finna undir liðnum sjóðir á [heimasíðu Minjastofnunar](#).



10.2 Húsafríðunarsjóður

Við úthlutun styrkja árið 2015 var tekið mið af úthlutunarreglum sem staðfestar voru af mennta- og menningarmálaráðherra 25. febrúar 2013. Á fundi húsafríðunarnefndar 30. maí 2014 var samþykkt að breyta reglunum lítillega og voru þær staðfestar af forsætisráðherra sama dag (nr. 577/2014). Með breytingunni er nú vegna sérstakra aðstæðna heimilt að veita frest til greiðslu til loka næsta árs á eftir úthlutun, en ekki til 1. júní eins og eldri reglur kváðu á um.

Tekjur sjóðsins eru annars vegar framlag ríkissjóðs, sem kveðið er á um í fjárlögum, og hins vegar framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem nemur 150 kr. á hvern íbúa landsins í upphafi árs. Árið 2015 nam framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 48.847.000 kr. en framlag ríkissjóðs á fjárlögum var 66.500.000 kr. Að teknu tilliti til fluttra fjárheimilda frá fyrra ári, niðurfelldra styrkja á árinu vegna fyrri úthlutana, áætlaðs kostnaðar við starfsemi húsafríðunarnefndar á árinu og varasjóðar sem þarf að vera til staðar svo bregðast megi við umsóknum um styrki í neyðartilvikum sem geta komið upp innan ársins, voru til úthlutunar í styrki árið 2015 kr. 139.150.000.

Vegna styrkúthlutunar árið 2015 var auglýst eftir umsóknum 15. október 2014 og rann umsóknarfrestur út 1. desember 2014. Auglýst var í dagblöðum og héraðsfréttablöðum um land allt og sótt var um með rafrænum hætti á vef Minjastofnunar Íslands. Alls bárust 309 umsóknir um styrki úr húsafríðunarsjóði, en veittir voru 224 styrkir. Samtals var sótt um tæplega 855 millj. króna.

Allar umsóknir sem berast eru lagðar fyrir húsafríðunarnefnd sem skilar um þær umsógn og gefur þeim einkunn. Við ákvörðun Minjastofnunar um úthlutun styrkja er tekið tillit til umsagna og mats nefndarinnar.



Minjastofnun Íslands
auglýsir eftir umsóknum um styrki úr
húsafríðunarsjóði
fyrir árið 2015

Hlutverk sjóðsins er að stuðla að varðveislu og viðhaldi fríðlystra og fríðra húsa og mannvirkja, sbr. reglur nr. 577/2014. Samkvæmt úthlutunarreglum er heimilt að veita styrki úr sjóðnum til:

- viðhalds og endurbóta á fríðlystum og fríðum húsum og mannvirkjum.
- viðhalds annarra mannvirkja sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi.
- byggingarsögulegra rannsólna, þar með talið skráningu húsa og mannvirkja, og miðlun upplýsinga um þær.

Umsóknir eru metnar með tilliti til varðveislugildis, t.d. vegna byggingarlistar, menningarsögu, umhverfis, upp- og runaleika og teknilegs ástands ásamt gildis fyrir varðveislu byggingarleifarinnar.

Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar, m.a. úthlutunarreglur, er að finna á heimasíðu Minjastofnunar Íslands, www.minjastofnun.is.

Umsóknarfrestur er til 1. desember 2014. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfresti lýkur koma ekki til álita við úthlutun.

Minjastofnun Íslands hefur efirlið með að styrktir verki efi séu viðunandi af hendi leyst og í samræmi við inn- send umsóknargögn. Best er á leiðsérningum um við- hald og endurbætur fríðra og varðveisluverbra húsa sem finna má á heimasíðu Minjastofnunar Íslands, undir gagnasafni og á Húsvendurastofu í Borgarsögusafni Reykjavíkur/Árbejgasafni.


Minjastofnun Íslands
Suðurgötu 39, 101 Reykjavík.
Sími: 570 1300
www.minjastofnun.is
husafridunarsjodur@minjastofnun.is

Tafla 10.2 Fjárhæðir í þús. króna

	Fjöldi umsókna	Fjöldi styrkja	Fríðlýstar kirkjur	Fríðlýst hús	Fríðuð hús og mannvirki	Önnur hús og mannvirki	SAMTALS STYRKIR
Höfuðborgarsvæðið og Reykjanes	62	43	1.200	9.350	10.200	3.700	24.450
Vesturland	25	16	1.600	1.600	5.100	500	8.800
Vestfirðir	66	47	9.000	5.100	10.300	4.100	28.500
Norðurland	50	40	11.400	1.450	10.000	200	23.050
Austurland	57	42	8.500	3.300	10.800	1.550	24.150
Suðurland	29	21	9.650	9800	2.300	500	22.250
	289	209	41.350	30.600	48.700	10.550	131.200
Bæja- og húsa- kannanir	8	8					4.450
Rannsóknir og önnur verkefni	12	7					3.500
SAMTALS	309	224					139.150

Nánari upplýsingar um úthlutun ársins 2015 má finna á [heimasíðu Minjastofnunar](http://heimasidu.Minjastofnunar).

11. Starfsmenn



Forstöðumaður

Dr. Kristín Huld Sigurðardóttir

Forstöðumaður

Skrifstofa

Esther Anna Jóhannsdóttir
Hanna Jóhannsdóttir

Fjármálastjóri
Ritari

Rannsóknna- og miðlunarsvið

Agnes Stefánsdóttir
Ásta Hermannsdóttir
Guðlaug Vilbogaðóttir
Oddgeir Isaksen

Sviðsstjóri (fornleifafræðingur)
Verkefnastjóri (fornleifafræðingur)
Sérfræðingur (fornleifafræðingur)
Deildarstjóri (fornleifafræðingur)

Umhverfis- og skipulagssvið

Gunnþóra Guðmundsdóttir
Kristinn Magnússon
Pétur Ármannsson

Sérfræðingur (arkitekt)
Verkefnastjóri (fornleifafræðingur)
Sviðsstjóri (arkitekt)

Minjavarðasvið

Einar Ísaksson
Magnús A. Sigurðsson
Rúnar Leifsson
Sigurður Bergsteinsson
Uggi Ævarsson
Þór Hjaltalín

Minjavörður Vestfjarða
Minjavörður Vesturlands
Minjavörður Austurlands
Minjavörður Norðurlands eystra
Minjavörður Suðurlands
Sviðsstjóri/Minjavörður Norðurlands vestra

Kirkjur Íslands

Þorsteinn Gunnarsson

Ritstjóri